

# Starfsleyfi

## fyrir fiskimjölsverksmiðju

### Ísfélags Vestmannaeyja h.f., Krossanesi, Akureyri.

Gefið út af Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

#### 1. ALMENN ÁKVÆÐI

##### 1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja, Krossanesi, Akureyri, kennitala 660169-1219. Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfi verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

##### 1.2. Lýsing á starfsemi

Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðuð, að framleitt verði úr **1100** tonnum af hráefni á sólarhring. Verksmiðjunni er einnig heimil loðnuflokkun og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Starfsleyfi þetta gildir ekki um aðra vinnslu fiskafurða eða rekstur vélaverkstæðis.

##### 1.3. Umhverfi

Fyrirtækið skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Ekki skal geyma vélarhluta eða annað lauslegt á víðavangi og fiskúrgang skal fjarlægja af lóð þegar í stað. Allar akstursleiðir við verksmiðju og plön við verksmiðjudyr skulu lögð bundnu olíu-og fituþolnu slitlagi.

##### 1.4. Breytingar á rekstri

Fyrirtækið skal veita Hollustuvernd ríkisins upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær. Á grundvelli þess metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

##### 1.5. Gangsetning/stöðvun rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu verksmiðju ef vinnsla hefur legið niðri í meira en mánuð. Ef rekstur verksmiðjunnar er stöðvaður tímabundið skal fyrirbyggja mengun af völdum hráefnisúrgangs eða afurða. Verði rekstri hætt varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi eða afgangi efnavöru sé fargað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan þriggja mánaða um ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

##### 1.6. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við skal fyrirtækið, í samráði við Hollustuvernd ríkisins, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Hollustuvernd ríkisins krafist frekari aðgerða til úrbóta og

endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Einnig skal endurskoða starfsleyfið ef fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal fyrirtækið sækja um nýtt starfsleyfi.

### **1.7. Grænt bókhald**

Fyrirtækið skal færa grænt bókhald og er fyrsta bókhaldsár árið 2003. Skila skal árlega niðurstöðum þess til Hollustuverndar ríkisins og er fyrsti skiladagur **1. júní 2004**.

### **1.8. Mengunarvarnir**

Fyrirtækið skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Fyrirtækið hefur frest til **31. okt. 2007** til þess að koma þessu í framkvæmd sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

## **2. MEDHÖNDLUN HRÁEFNIS**

### **2.1. Löndun**

Löndunarbúnaður skal vera þéttur. Til staðar skal vera sogbúnaður til tæmingar á afgangsvatni úr lestum. Allt löndunaratn og vatn frá grófskolun lesta skal tekið til vinnslu í verksmiðju eða meðhöndlað í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði 3.8 gr.

### **2.2. Blóðvatnsgeymar**

Til staðar skulu vera geymar sem rúma allt vatn sem til fellur við löndun, grófskolun lesta og hráefnisgeymsla. Gera skal ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir við óhöpp geti borist vökvi úr þeim í sjó og skal yfirfall frá þeim leitt í hreinsibúnað sbr. 3.8 gr.

### **2.3. Flutningstæki**

Fyrirtækið, eða verktaki á þess vegum, skal annast flutninga á hráefni frá fiskvinnslustöðvum þ.e. fiskúrgangi og úrgangsfiski. Þó er heimilt að taka á móti fiskúrgangi frá fisksölum og fiskvinnslum sem staðsettar eru nálægt verksmiðju.

Tæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og yfirbyggð eða með yfirbreiðslum og viðurkennd af heilbrigðisefirliti viðkomandi sveitarfélags. Gámar og ker sem notuð eru til geymslu og flutnings á fiskúrgangi skulu vera lokuð og þétt.

Flutningstæki skulu vandlega þrífín strax að notkun lokinni og skal vera aðstaða til þess á lóð verksmiðjunnar. Frárennsli frá þvottaaðstöðu skal leitt í gegnum fitugildru.

### **2.4. Hráefnisgeymslur**

Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum geymslum eða lokuðum geymum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu í verksmiðju eða meðhöndlað í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði 3.8 gr. Þetta á einnig við um vatn frá fyrstu skolun og skal halda því í lágmarki t.d. með háþrýstidælum.

Tæming hráefnisgeymsla skal vera sjálfvirk eftir því sem frekast verður við komið. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal skola hana með köldu vatni. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu. Akstur á óþrífnum moksturstækjum utan geymslusvæðisins er óheimill.

## **2.5. Fiskúrgangur**

Fiskúrgangur skal tekinn til vinnslu svo fljótt sem kostur er. Fiskúrgangur skal rotvarinn eða ísaður í eftirfarandi tilfellum:

- Ef hann er fluttur frá fiskvinnslustöð síðar en sólarhring eftir að hann fellur til á fiskvinnslustöð.
- Ef fyrirsjáanlegt er að hann verði unnin síðar en 3 sólarhringum eftir að hann berst til verksmiðju.

Fiskúrgang skal vinna jafnóðum og hann berst ef vinnsla á bræðslufiski er í gangi. Verksmiðjan skal að jafnaði bræða allan fiskúrgang innan sjö daga frá móttöku.

## **2.6. Uppsjávarfiskur**

Miða skal við að magn reikulla basa í hráefni (TVN-gildi), sem tekið er til vinnslu í verksmiðju, fari ekki upp fyrir **120 mg N/100 g**. Heimilt er að fara upp fyrir þessi mörk í undantekningartilfellum og skal þá gera eftirlitsaðila viðvart áður en vinnsla hefst.

Afli skal kældur, ísaður eða rotvarinn um borð í skipi til þess að tryggja ferskleika hráefnis. Sé ekki hægt að koma því við skal rotverja eða ísa afla við löndun. Þetta gildir þó ekki um afla á vetrarvertíð sem unnin er innan þriggja sólarhringa frá veiðum.

Einungis er heimilt að taka á móti kolmunna til bræðslu sem hefur verið kældur um borð í fiskiskipi.

## **2.7. Rot- og þráavörn**

Við íblöndun rot- og þráavarnarefna skal nota sjálfvirkan skömmtunarbúnað.

# **3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS**

## **3.1. Loftmengun**

Halda skal loftmengun í lágmarki með því að vinna ferskt hráefni og með búnaði sem eyðir mengandi efnum úr útblæstri. Þegar unnið er með hráefni, sem er yfir þeim mörkum sem sett eru í grein 2.6, skal sýna sérstaka aðgæslu þegar vindátt er að byggð.

Á starfsleyfistímanum skal fyrirtækið framkvæma mat á framlagi starfseminnar til loftmengunar á nærliggjandi svæðum. Það á bæði við um losun lyktarefna frá vinnslu og brunaloft frá olíubrennslu. Ef mælingar á loftmengun leiða í ljós að umhverfismengun er yfir þeim mörkum sem sett eru samkvæmt reglugerð um loftgæði nr. 787/1999 getur Hollustuvernd ríkisins gert kröfu um viðbótarráðstafanir til að draga úr loftmengun eða sett losunarmörk á útblástur.

## **3.2. Loftræsting frá tækjum**

Loftræsta skal frá helstu einingum í blautvinnslu svo sem sjóðurum, pressum, sniglum, tönkum og skilvindum. Loftræsta skal frá tækjum í mjölvinnslu svo sem mjölkvörn og mjölkæli og loftið tekið í gegnum rykskilju. Loftræstingu frá tækjum skal hanna á þann hátt, að sem minnst af ómenguðu lofti sé dregið með. Ræstiloftið skal flutt til lyktheydingar.

## **3.3. Útblástursloft þurrkara**

Loft frá gufupurrkurum skal leiða í gegnum glatvarmataeki, eða endurnýta á annan hátt, og taka síðan til lyktheydingar. Loft frá loftþurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur (sýklóna) með góða skiljunarhæfni og síðan til lyktheydingar.

### 3.4. Hreinsun útblásturslofts

Lyktheyðing skal framkvæmd í þvotta-og þéttiturni, sem kælir útblástursloft frá tækjum og þurrkurum, og síðan með brennslu lyktarefna í Megtec brennslubúnaði við 900-1000 °C.

### 3.5. Skorsteinn

Að lokinni lyktheyðingu skal leiða útblástursloft út í gegnum skorstein sem er ekki lægri en ein og hálf húshæð miðað við gólfhlöt verksmiðjuhúss og nærliggjandi húsa. Hraði útblásturslofts skal ekki vera minni en 20 m/s til þess að koma í veg fyrir niðurdrátt.

### 3.6. Soðeimingartæki

Soðeimingartæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum og skal ekki ofhlaða þau. Allt soðvatn skal nýta.

### 3.7. Hreinsivökvi

Þegar notuð eru ætandi efni, svo sem vítissóði og saltpéturssýra, til hreinsunar á soðkjarnatækjum, skilvindum og öðrum tækjabúnaði, skal hreinsivökvanum dælt í geymi og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar honum er veitt til sjávar, skal sýrustigið (pH) vera á bilinu 2-11,5 enda sé fráveita hönnuð til þess að þola það sýrustigsbil.

### 3.8. Hreinsun frárennslis frá vinnslu

Frárennslis frá löndunarkerfi, hráefnisgeymslum og vinnslu skal meðhöndla í hreinsibúnaði áður en því er veitt til sjávar. Þetta á einnig við um frárennslis frá flokkun loðnu og hrognatöku í verksmiðju. Búnaðurinn skal vera sjálfhreinsandi og skal endurvinnna fitu og föst efni. Eftir uppsetningu hreinsibúnaðar skal mæla fitu, svífefni og COD í frárennslis hans til að staðfesta virknina.

Annað frárennslis verksmiðjunnar sem ekki er leitt í hreinsibúnað skal leiða í fitugildru áður en því er veitt til sjávar. Þetta á við um frárennslis frá gólfum, plönnum og frá þrifum. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur.

Frárennslis skal uppfylla skilyrðin sem fram koma í 3.9 gr. Ef losun er yfir þeim mörkum sem fram koma getur stofnunin krafist frekari hreinsunar á frárennslis.

Stærð og gerð hreinsibúnaðar er háð samþykki Hollustuverndar ríkisins. Fráveitulagnir skulu uppfylla ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999.

### 3.9. Losunarmörk á frárennslis

Eftirfarandi losunarmörk og tímamörk gilda fyrir frárennslisvatn:

Efnispáttur	Losunarmörk	Tímabil meðalt.	Gildir frá
<b>Fita (oil &amp; grease)</b>	100 mg/l	1 sólarhringur	<b>01.01.03</b>
<b>Svífefni</b>	300 g/t hráefnis*	“	<b>01.01.05</b>
<b>COD (efnafræðileg súrefnisþörf)</b>	1,5 kg/t hráefnis*	“	<b>01.01.05</b>

\* Miðað við heildarlosun frá verksmiðjunni

### 3.10. Mælingar á frárennslis

Innan tveggja ára frá gildistöku starfsleyfisins skal fyrirtækið gera könnun á heildarlosun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

Könnunin skal vera tvískipt, annars vegar fyrir vetrarvinnslu og hins vegar fyrir sumarvinnslu. Könnunin skal einnig, ef unnt er, fara fram við vinnslu á mismunandi tegundum bræðslufisks og við loðnuflokkun og hrognatöku. Alls skulu gerðar 2-4 mælingaraðir eftir aðstæðum.

Hver mælingaröð skal ná yfir a.m.k. einn sólarhring og skulu gerðar eftirfarandi mælingar:

- Rennslismælingar í frárennislögnum verksmiðjunnar annars vegar miðað við venjulega vinnslu og hins vegar við löndun.
- Mælingar á fitu, svifefni og COD í sýnum sem tekin eru samhliða rennslismælingum.

Fyrirtækið skal skila til Hollustuverndar ríkisins niðurstöðum þessara mælinga fyrir **1. nóv. 2004** ásamt upplýsingum um heildarmagn landaðs hráefnis þann tíma sem könnunin nær yfir. Á grundvelli mælinganna er hægt að meta heildarlosun lífrænna efna frá verksmiðjunni.

### **3.11. Annað frárennsli**

Frárennsli frá snyrtingum skal leiða í almenningssfráveitu. Þar sem það er ekki framkvæmdanlegt skal það hreinsað í eins- til tveggja þrepa hreinsunarbúnaði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skulp.

### **3.12. Lekavarnarþró um lýsisgeyma**

Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera sem hér segir: Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörnninni að viðbættri rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar. Ef til staðar er olúflogtíring til að hefta útbreiðslu lýsis sem fer í sjó, er heimilt að minnka rýmd lekavarna í 60%. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og hann þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal vera innan þróar.

### **3.13. Olúgeymar**

Um frágang olúgeyma og varnir gegn mengun af völdum olú fer samkvæmt reglugerð um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi nr. 35/1994.

### **3.14. Úrgangur**

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar.

### **3.15. Notkun hættuminni efna**

Efni sem notuð eru þannig að hættu sé á að þau valdi mengun skulu vera prófuð með tilliti til eituráhrifa, niðurbrots og uppsöfnunar í náttúrunni. Leitast skal við að skipta út efnum sem hafa skaðleg áhrif á menn og umhverfi með efnum sem eru minna skaðleg.

### **3.16. Hávaði**

Hávaði í nærliggjandi íbúðabyggð skal vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.

### **3.17. Tilkynning vegna mengunarslysa og bilana**

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á

umhverfi. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða. Einnig skal tilkynna Hollustuvernd ríkisins um slík tilfelli ef hættu er á bráðamengun. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar.

### **3.18. Eftirlit**

Hollustuvernd ríkisins annast eftirlit með ákvæðum starfsleyfisins. Eftirlitið felur í sér reglubundnar skoðanir árlega þar sem einkum eru skoðuð þau atriði starfseminnar sem valdið geta mengun efna í vatn, loft eða jarðveg ásamt frágangi ytra umhverfis og meðferð úrgangs.

Viðbótareftirlit felst m.a. í:

- Skoðun vegna nýs búnaðar sem tekinn hefur verið í notkun eða vegna kvartana.
- Vegna sérstakra úttekta í samræmi við áætlun sem fyrirtækið gerir um úrbætur.

### **3.19. Skýrslur til eftirlitsaðila**

Fyrirtækið skal senda eftirlitsaðila niðurstöður eftirfarandi mælinga á samræmdum eyðublöðum sem eftirlitsaðili sendir út:

- a. Niðurstöður TVN-mælinga á hráefni sbr. 4.2. gr. a-lið skal senda 1. maí, 1. september og 1. janúar fyrir fjögurra mánaða tímabil hverju sinni.
- b. Niðurstöður mælinga á frárennsli verksmiðjunnar sbr. 4.2. gr. b- og c-lið skulu sendar fyrir 1. mars árið eftir, í fyrsta skipti árið 2006. Einnig skal senda niðurstöður mælinga eftir að hreinsibúnaður hefur verið tekinn í notkun skv. 3.8.

## **4. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS**

### **4.1. Skráningar**

Fyrirtækið skal hafa reglulegt eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Það skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði þ.e. lyktkeyðingarbúnaði, fitugildru og öðrum hreinsibúnaði fyrir frárennsli.
- Tæmingu fitugildru ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

### **4.2. Eftirlitsmælingar**

Gera skal eftirfarandi mælingar og skulu þær vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- a. TVN-gildi og hitastig hráefnis sem tekið er til vinnslu skal mæla að lágmarki einu sinni á dag og alltaf þegar skipt er um hráefnisgeymslu eða farm.
- b. Fitu, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar skal mæla árlega. Mælt skal í frárennsli frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði og skal mælingin ná yfir einn sólarhring (meðalsýni) meðan vinnsla er í gangi.
- c. Framkvæma skal rennismælingar í frárennsli á sama tíma og sýnataka fer fram.

- d. Ástand landaðs hráefnis t.d. hitastig og notkun rotvarnarefna.
- e. Mælingar á sýrustigi við losun sýru og vítissóða í frárennsli.

#### 4.3. Annað

- Fyrirtækið skal útbúa viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegum hættum vegna bráðrar mengunar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- Fyrirtækið skal vinna að því að auka gæði hráefnis og stuðla þannig að minni loft- og sjávarmengun.

### 5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Fyrirtækið greiðir Hollustuvernd gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins sem Umhverfissráðherra setur. Vegna viðbótareftirlits greiðist sérstakt gjald skv. gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins.

### 6. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi þegar útgáfa og gildistaka þess hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til **1. feb. 2014**. Starfsleyfi verksmiðjunnar frá 12. maí 2000 fellur úr gildi við útgáfu starfsleyfis þessa.

### 7. ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

#### 7.1. Mæling á loftflæði

Fyrirtækið skal framkvæma mælingar á loftmagni til hreinsitækja (Megtec) þegar fullum afköstum hefur verið náð skv. 1.2 gr. og skal skila niðurstöðum til Hollustuverndar ríkisins.

**Reykjavík 4. október 2002**

**Hollustuvernd ríkisins**

**Mengunarvarnir**

